

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Fjarðabyggð, sbr. 18. gr. samþykktar nr. 191/2019 um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð skal vera 16.964 kr. Gjald greiðist á gjald-daga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýra-læknis og ormahreinsun auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Eigandi/umsjónarmaður hunds sem sótt hefur hlýðninámskeið hjá viðurkenndum hundapjálfara getur sótt um 50% afslátt á hundaleyfisgjaldi. Afslátturinn gildir út skráningartíma hunds í sveitar-félaginu.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Fjarðabyggð, sbr. 18. gr. samþykktar nr. 191/2019 skal vera 10.326 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis og ormahreinsun auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Eigandi/umsjónarmaður kattar getur sótt um 50% afslátt af kattaleyfisgjaldi gegn staðfestingu þess að kötturinn hafi farið í ófrjósemisaðgerð. Afslátturinn gildir út skráningartíma kattar í sveitar-félaginu.

3. gr.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

4. gr.

Handsömunargjald vegna hunda, samkvæmt 18. gr. samþykktar nr. 191/2019, skal vera 17.615 kr. Þurfi að vista hund yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð 8.814 kr. fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjarðabyggðar vegna hundsins.

Eigandi hunds getur fengið hann afhentan, samkvæmt 8. gr. samþykktar nr. 191/2019 að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu skráningargjalds og handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

5. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um inn-heimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísun til heimilda í samþykkt nr. 191/2019 um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. kafla XVI, auk reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2022. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1279/2020.

Fjarðabyggð, 19. nóvember 2021.

Jón Björn Hákonarson bæjarstjóri.